

MIÐANNARMAT, CANVA OG VALVIKA OG FLEIRA



Nú er verið að undirbúa miðannarmat og það styttest í valviku en þá velja nemendur fyrir næsta skólaár. Þetta allt þýðir að tíminn líður og nú eru einungis nokkrar vikur í páskafrí. Við viljum nota tækifærið til að hvetja nemendur til að nýta tímann framundan vel, mæta í alla tíma, skila verkefnum og taka þátt í skólastarfinu af lífi og sál, þannig næst árangur. 🏆

KÍKTU Á STÖÐUNA Á INNU!

MIÐANNAR
MAT

Miðannarmat verður opnað nemendum kl. 16.00 í dag. Matið gefur nemendum og forráðamönnum tækifæri til að sjá stöðuna í hverjum áfanga fyrir sig, út frá mætingu, verkefnaskilum og einkunnum. Þá minnum við á ritver skólans, þar fá nemendur stuðning við textavinnu og verkefnaskil, raungreinaverið - viðbótartímar í stærðfræði og jafningjaverið á miðvikudögum í stofu M309, sjá nánar á [heimasíðu skólans](#).

CANVA FYRIR
NEMENDUR

Allir nemendur Flensborgarskólans hafa Premium aðgang að [Canva](#). Þar er hægt að búa til kynningar, auglýsingar, myndbönd og margt fleira sem nýtist vel í náminu. Sjá nánari leiðbeiningar á [heimasíðu skólans](#).

RÝNIVINNA
NEMENDA

Búið er að birta [ytra mat skólans](#) og var niðurstaðan í heildina jákvæð; lýsti metnaðarfullu skólastarfi, frampróun og gæðum náms. Alltaf er þó hægt að gera betur og framundan er umbótavinna þar sem m.a. nemendur og starfsfólk vinna saman að því að bæta skólastarfið. Á næstu dögum verður því hópur nemenda kallaður til í rýnivinnu á ýmsum þáttum námsins, félagslífsins og fleiru.

VALVIKA

Framundan er valvika þar sem nemendur velja sér áfanga næstu annar. Nýnemar og 2. árs nemar fá aðstoð frá umsjónarkennurum og þá hitta útskriftarefni haustannar 2026 áfangastjóra. Einnig verður aðstoð í boði á [Græna torginu](#) út alla vikuna.

Flensborg er með heimasíðu og er á Instagram og Facebook - fylgstu með!